



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 5. september 2016.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum o.fl. 787. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins um framangreint frumvarp. Eftir að frumvarpið var lagt fram á Alþingi og í kjölfar tillagna starfshóps vegna undanskota og skattaskjóla lagði fjármálaráðuneytið fram viðamiklar breytingartillögur við frumvarpið. Hér á eftir fer sameiginleg umsögn samtakanna um efni þeirra tillagna.

#### **Skilgreining á fastri starfsstöð**

Undir A lið tillagna ráðuneytisins er lögð til skilgreining á hugtakinu föst starfsstöð til samræmis við skilgreiningu OECD á hugtakinu. Samtökin fagna þeirri tillögu en telja hins vegar að leysa þurfi úr þeirri óvissu sem nú ríkir um stöðu þeirra fyrirtækja sem heimilisföst eru utan Íslands og hafa umráð á netþjónum í gagnaveri hérlendis.

Staðan á Íslandi er sú að margir minni viðskiptavinir gagnavera og þeir viðskiptavinir þar sem netþjónninn telst ekki vera hluti af meginrekstri þeirra sjá ekki hag sínum borgið með að setja upp fasta starfsstöð á Íslandi. Sá vafi sem ríkir um túlkun á fastri starfsstöð að þessu leyti er einfaldlega samkeppnishindrun fyrir íslensk gagnaver og ljóst að önnur ríki innan Evrópu, þar á meðal Bretland, túlka reglur um fasta starfsstöð með þeim hætti að slík umráð leiði ekki til fastrar starfsstöðvar.

**Samtökin leggja því til að ákvæðinu verði breytt á þá leið að umráð fyrirtækis, með heimilisfesti utan Íslands, á netþjónum og tengdum tölvubúnaði staðsettum hér á landi, þar á meðal leiga á slíkum búnaði af innlendum aðilum, óháð því til hvers búnaðurinn er notaður leiði ekki eitt og sér til myndunar fastrar starfsstöðvar þess fyrirtækis hérlendis.** Er þetta mikilvæg forsenda þess að gagnaversiðnaðurinn hér á landi dafni og samkeppnisstaða hans styrkist gagnvart gagnaverum í öðrum ríkjum.

#### **Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda**

Undir lið H.1 leggur ráðuneytið til verulega takmörkun á heimild skattaðila til gjaldfærslu vaxtagjalda vegna lánsviðskipta milli tengdra aðila, með lögfestingu nýrrar lagagreinar er verði 57. gr. b tekjuskattslaga. Samtökin vekja athygli á og mótmæla að að ýmsar reglur skv. frumvarpinu eru mun meira íþyngjandi en eðlilegt getur talist. Sem dæmi má nefna:

- Einungis er gert ráð fyrir að fjárhæð sem nemur 25% af rekstrarhagnaði skattaðila heimilist sem frádráttarbær vaxtagjöld. Í reglum OECD og skattasniðgöngutílskipun Evrópusambandsins nr. 2016/1164 er heimilt að miða við allt að 30% mark. Í skýrslu starfshóps um reglur þunnrar eiginfjármögnunar sem unnin var á árinu 2012 var lagt til að þetta hlutfall yrði 30%. **Samtökin leggja til að hlutfallið verði 30%.**



- Undanþáguákvæði (a) kveður á um að ef vaxtagjöld skattaðila eru lægri en 50 m. kr. vegna lánsviðskipta við tengda aðila eigi ákvæðið ekki við. **Samtökin leggja til að miðað verði við fjárhæð sem nemur 160 m.kr.** Sú fjárhæð var nefnd í tillögum framangreinds starfshóps um reglur þunnrar eiginfjármögnunar og er nær því sem gildir í Evrópuríkjum.
- Undanþáguákvæði (b) heimilar ekki undanþágu ef vaxtagjöld skattaðila til tengdra aðila nemur hærra hlutfalli en 10% af heildarvaxtagjöldum skattaðila. Hlutfall þetta er mjög lágt og hefur væntanlega þau áhrif að flest ef ekki öll félög falla á þessu ákvæði. Í því sambandi má nefna nýsköpunar/sprotafyrirtæki sem þarfnast oft mikils lánsfjár á uppbyggingartíma, en hafa á sama tíma litlar tekjur. **Samtökin leggja til að í stað þess að vaxtagjöld umfram viðmiðunarmark falli niður í skattskilum þá verði þau færarleg milli ára.** Rétt kann að vera að takmarka tíma yfirfærslu, t.d. við tíu ár líkt og á við um yfirfærslu rekstrartaps.
- Ekki er gert ráð fyrir að heimilt verði að færa vaxtagjöld sem kunna að verða umfram 25% af rekstrarhagnaði milli ára og nýta síðar, heldur falli þau niður. **Samtökin leggja til að þetta ákvæði falli niður.** Það að heimila að flytja vaxtagjöld umfram frádráttarheimildir milli ára nýtist fyrirtækjum sem eru í mjög sveiflukenndum atvinnurekstri. Einnig kann slík heimild að vera mikilvæg hjá fyrirtækjum sem kjósa að nýta verklokkaaðferð við að innleysa tekjur af verksamningum þar sem framkvæmdatími er talinn í árum.
- Ekki er gert ráð fyrir að þau samstæðufélög sem sýna fram á með óyggjandi hætti að vaxtakjörin sem um ræðir séu eins og um ótengda aðila sé að ræða séu undanþegin reglum um takmörkun á frádrætti vaxtagjalda. Eðlilegt er að fyrirtæki hafi val um það hvort þau fjármagni sig í formi lána frá móðurfélagi eða ótengdum aðila enda ákvarðist vaxtakjör af markaðssjónarmiðum. **Samtökin leggja til að bætt sé við undanþáguákvæði sem kveður á um að 1. mgr. ákvæðisins eigi ekki við ef samstæðufélag sýnir fram á með óyggjandi hætti að vaxtakjörin séu líkt og um ótengda aðila sé að ræða.** Er það í samræmi við tillögur starfshóps í skýrslu um þunna eiginfjármögnun frá árinu 2012.

SA og SI vilja ennfremur benda á eftirfarandi atriði vegna framangreindrar tillögu undir lið H.1:

- Fram kemur í breytingatillögum fjármálaráðuneytis að með vaxtagjöldum sé átt við hvers konar kostnað vegna lántöku að frádregnum vaxtatekjum vegna lánaviðskipta við tengda aðila skv. 4. mgr. 57. gr. Ekki er ljóst hvort gengismunur af eignum eða skuldum í erlendum gjaldmiðlum falli undir framangreinda skilgreiningu á vaxtagjöldum. Ef gengismunur telst til vaxtagjalda í framangreindri skilgreiningu er mikilvægt, vegna þeirra miklu sveiflna sem geta orðið í gengi krónunnar, að heimilt verði að flytja vaxtagjöld umfram heimildir milli ára. Í þessu sambandi má benda á að gjaldfærsla eða tekjufærsla gengismunar dreifist á þrjú ár í skattframtölum lögaðila til að milda áhrif mikilla gengisbreytinga.
- Í textanum í fyrstu mgr. endar fyrsta setningin á orðunum „hagnaði skattaðilans“. Í annarri mgr. er hugtakið hagnaður síðan skýrt. Þar sem skilgreiningin á við svonefnda EBITDA framlegð er lagt til að í stað orðsins „hagnaður“ á báðum stöðum komi orðið “framlegð (EBITDA)” til aðgreiningar frá hagnaði samkvæmt rekstrarreikningi (niðurstöðutölu rekstrarreiknings). Skilgreiningin á hagnaði er einnig óheppileg en hún er eftirfarandi: „ Með hagnaði í 1. mgr. er átt við hagnað samkvæmt ársreikningi að viðbættum tekjuskatti, fjármagnsliðum, afskriftum og niðurfærslum fastafjármuna. Hafi skattaðili fært í rekstrarreikning hlutdeildartekjur frá öðru félagi innan samstæðunnar skal draga þær frá framangreindum hagnaði og bæta við úthlutuðum arði frá sama félag hafi arðgreiðsla átt sér stað“.



- Fjármagnsliðir geta verið jákvæðir, t.d. ef umtalsverður gengishagnaður verður á tilteknu ári af eignum eða skuldum. Algengt er að söluhagnaður hlutafjár eða fjáreigna sé færður til tekna sem fjármunatekjur og því myndu slíkar tekjur koma til hækkunar á reiknuðum hagnaði félags að óbreyttu orðalagi.
- EBITDA hlutfall er vel skilgreint hugtak. Í því felst að um sé að ræða rekstrarhagnað fyrir fjármagnskostnað, afskriftir og tekjuskatt. Hugtakið innifelur ekki hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага né mótttekinn arð enda eru slíkir liðir almennt færðir meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda og því utan EBITDA framlegðar. Í tillögum er í veigamiklum atriðum er vikið frá skilgreiningu á hugtakinu með því að telja mótttekinn arð til rekstrarhagnaðar. Framangreinda málsgrein má einnig skilja þannig að hlutdeildartekjur frá öðru félagi komi til frádráttar tvisvar þar sem slíkur liður er almennt innifalinn í fjármagnsliðum. Einnig er vert að nefna að hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага getur einnig verið gjaldfærsla, en í textanum er aðeins fjallað um hlutdeildartekjur.

Enn fremur er vakin athygli á því að í framangreindri breytingatillögu undir lið H.1 er ekki gerður greinarmunur á því hvort um sé að ræða lán og þar með vexti við erlend eða innlend félög í samstæðu. Væntanlega eiga ákvæði um þunna eiginfjármögnun einungis að taka til vaxtagjalda vegna skulda við erlend félög innan samstæðu þar sem vaxtatekjur innlendra féлага teljast til skattskyldra tekna hjá þeim. Það skýtur óneitanlega skökku við að skattleggja vaxtatekjur eins félags en heimila ekki sömu vexti til frádráttar hjá öðru félagi.

Að lokum er rétt að benda á að tillögur ráðuneytisins fela í sér umtalsverða breytingu á fjármögnunarumhverfi íslenskra fyrirtækja og því mikilvægt að fyrirtækjum sé gefin hæfilegur frestur til að aðlagast umræddum breytingum en jafnframt að stjórnvöld virði þá fjárfestingarsamninga sem í gildi eru og byggjast að hluta til á slíkri fjármögnunarleið.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka lónaðarins